

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík



ÖLFUS

Porlákshöfn, 24. nóvember 2021
Málsnúmer: 2110046 GJ
Kt. umsk. 5902695149

Hafnarberg 1
815 Porlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Á 28. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 18.11.2021 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

Umsögn um aukna vatnstöku úr Hlíðarendalindum

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um matsspurningu vegna aukinnar vatnstöku úr Hlíðarendalindum.

Um er að ræða aukningu úr 30 L/sek í 70 L/sek.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Sveitarfélagið Ölfus telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Sveitarfélagið Ölfus telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og úætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.


Afgreiðsla: Skipulags- og umhverfisnefnd telur að greinargerð, sem fylgir með fyrirspurn um matsskyldu, geri vel grein fyrir framkvæmdinni. Hún sé ekki til þess fallin að valda varanlegum umhverfisáhrifum, ekki séu atriði sem skýra þurfi um frekari vöktun en fram kemur í greinargerð. Sveitarfélagið telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarfélagið Ölfus er leyfisveitandi þegar kemur að framkvæmdaleyfi og hugsanlegum byggingarleyfum vegna framkvæmda sem gætu fylgt aukinni vatnstöku.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður þér gert viðvart fari afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér kemur fram.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar


Gunnlaugur Jónasson
skipulagsfulltrúi Ölfuss




Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
skipulag@skipulag.is



Selfossi, 22. nóvember 2021
2111010HS SG

Efni: Aukin vatnsvinnsla Hlíðarenda - Umsögn um framkvæmd


Þann 25. október sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, dags. þann dag, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar aukinnar vatnsvinnslu úr Hlíðarendalindum í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða aukningu á neysluvatnsvinnslu úr 30 L/s í 70 L/s úr Hlíðarendalindum í Ölfusi. Átöppunarverksmiðja Icelandic Water Holdings hefur verið starfrækt að Hlíðarenda frá árinu 2008.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir neysluvatnsveitum og vatnsátöppunarverksmiðjum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍKReykjavík, 2. desember 2021
Tilvísun: OS2021100108/50.4.3
Verknúmer: 3051380**Efni: Matsskylda aukinnar vatnstöku IWH að Hlíðarenda, Ölfusi**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 25. október 2021 þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að fyrirhuguð aukning á vatnstöku úr 30 l/s í 70 l/s vegna átöppunarverksmiðju fyrirtækisins Iceland Water Holding ehf. (hér eftir IWH) að Hlíðarenda í Ölfusi, sveitarfélaginu Ölfus, skuli háð mati á umhverfisáhrifum með vísun til 6. gr. laga, nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar, nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlöndum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastígs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar. Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Þess ber að geta að skv. 14. gr. auðlindalaga er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 l/s. Orkustofnun metur það svo að iðnaðarstarfsemi á skilgreindum iðnaðarsvæðum geti ekki fallið undir skilgreiningu á heimilis- og búspörfum og því eigi ákvæði 14. gr. ekki við í þessu tilviki. IWH hefur endá nýtingarleyfi skv. 6. gr. auðlindalaga, útgefið af iðnaðarráðherra, til töku á allt að 30 l/s, sem er undir tilgreindum viðmiðunum. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að sótt verði um nýtingarleyfi til Orkustofnunar með vísan til framanritaðs.

Stofnunin bendir á að leyfi skv. auðlindalögum snýr að upptöku vatns og því verður nýtingarleyfi að ná bæði yfir vatnstöku til nýtingar og í öðrum tilvikum, sbr. umfjöllun um möguleika á dælingu úr holu HLE-02 sem mótvægisáðgerð gegn nýttu magni. Gerir stofnunin ráð fyrir því að umrædd mörk (70 l/s) tilgreini heildar upptöku í tilkynningu framkvæmdaraðila.

Neðar á Hafnarsandi er vatnsból Þorlákshafnar. Orkustofnun bendir á að í skýrslu sem Vatnaskil unnu fyrir Sveitarfélagið Ölfus með greiningu á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar árið 2018,¹ kemur fram það álit að hugsanlega fæði sami grunnvatnsstraumur nýtingarsvæði IWH og vatnsbólið,


¹ Vatnaskil 2018: Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar. Skýrsla nr. 18.09. Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus

a.m.k. að hluta. Miðað við þær upplýsingar sem þar koma fram verður ekki séð að fyrirhuguð aukning á vatnstöku við Hlíðarenda hafi áhrif þar á.


Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða tilkynningu IWH. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framangreindar ábendingar miða að greiningu og framsetningu gagna sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu nýtingarleyfis skv. auðlindalögum, ef af verður.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Jafnframt er bent á að samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sjá mál 3 og 4/2019, telst nýtingarleyfi skv. auðlindalögum vera leyfi til framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vegna þessa skal niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir áður en komið getur til útgáfu nýtingarleyfis vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Skipulagsstofnun
bt. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is skipulag@skipulag.is

Dags. 29.11.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0227
0.5.1

Með erindi dags. 25. október sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um hvort framkvæmd varðandi breytingu á vatnstöku Icelandic Water Holdings úr Hlíðarendalindum í Sveitarfélaginu Ölfusi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Veðurstofan sendi Skipulagsstofnun umsögn um þetta mál, dags. 23. nóvember sl., en vegna viðbótarupplýsinga sem fram hafa komið þykir rétt að senda inn nýja umsögn sem kemur í stað hinnar.

Ný umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar er gerð góð grein fyrir aðstæðum á staðnum og vöktun ástandsins á framkvæmdasvæðinu. Alls er ætlað að um 30 m³/s af grunnvatni renni til sjávar á svæðinu frá Herdísarvík til Þorlákshafnar. Í því samhengi eru 70 l/s ekki mikið magn, en er þó stór hluti þeirra lenda sem um ræðir á þessum stað. Mikilvægt er að hafa skýra heildarsýn yfir vatnasviðið sem er til umfjöllunar og einnig áhrifasvæði þess, s.s. heildarstærð þess vatnasviðs sem nýtt er eða skal nýta. Sama gildir hvað varðar áhrif vatnstökunnar neðan til á vatnasviðinu.

Vatnstakan virðist að mestu úr grunnvatnshlotinu Selvogsstraumur 3 (104-290-G) en gæti verið að hluta til úr grunnvatnshlotinu Ölfusstraumur 3 (103-268-G). Tilkynnt upptaka úr grunnvatnshlotum árið 2015 benti ekki til þess að umtalsvert álag væri vegna vatnstöku á þessu svæði (Davíð Egilson o.fl. (2019, 2020)). Því miður eru gögnin að verða nokkuð gömul. Á þessu ári liggja fyrir matsáætlanir nýrra verkefna sem nýta munu sama grunnvatnsveiti. Þar má nefna, auk breytingar á vatnstöku Icelandic Water Holdings úr Hlíðarendalindum, laxeldi Geo Salmo ehf., stækkun Landeldis ehf. og færslu/stækkun vatnsveitu sveitarfélagsins. Veðurstofan telur því nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif hinna mismunandi framkvæmda sem nú eru á áætlun.

Ekki verður hjá því komist að benda á megináherslur í skýrslu Vatnaskila *Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar* (Eric M. Myer o.fl. (2018)). Að beiðni sveitarfélagsins unnu Vatnaskil þá greiningu, annars vegar til að leggja mat á færslu vatnsból Þorlákshafnar og hins vegar til að meta áhrif mögulegrar vatnstöku vegna uppbyggingar fiskeldis í nágrenni Þorlákshafnar. Í skýrslunni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar reyndust tiltækar, s.s. vatnafarsgögn, upplýsingar um grunnvatnsvinnslu, mælingar á grunnvatnsstöðu og gögn um seltu vinnsluvatns. Í ljósi þess séu niðurstöður líkansins bundnar töluverðri óvissu og útreikningar þarfnist staðfestingar með öflun gagna. Vísbendingar séu um að frekari vatnsvinnsla á þessu svæði geti leitt af sér aukna seltu í grynri holum og nánast fullsalt vatn í dýpri holum. Fram kemur að fyrirhuguð framtíðaruppbygging muni kalla á aukna vatnspörf, bæði til neyslu og iðnaðarnotkunar og krefst því stækkunar á vatnsveitu sveitarfélagsins samhliða aukinni

vatnsvinnslu. Fyrirhuguð aukin vatnsvinnsla á svæðinu, m.a. vegna vatnsveitu Þorlákshafnar og núverandi og nýrra fiskeldisfyrirtækja, muni að öllum líkindum valda mikilli áraun á grunnvatnsauðlindina meðfram ströndinni, bæði á fersku og söltu vatni. Skýrsluhöfundar telja að ekki séu forsendur til að stofna til frekari vatnsvinnslu á Hafnarnesi áður en framangreindar staðfestingar liggja fyrir. Við stóruka nýtingu grunnvatnsauðlindarinnar á svæðinu í kringum Þorlákshöfn í nánustu framtíð sé mikilvægt að auðlindin sé nýtt skynsamlega, á sem sjálfbærastan hátt og með sem minnstum árekstrum mismunandi notenda. Í skýrslunni var tekið mið af þáverandi vatnsnotkun Laxa Fiskeldis ehf., Náttúru Fiskiræktar ehf. og Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf. Í henni kemur einnig fram að samþætt áhrif vinnslu á uppbyggingarsvæði fyrir fiskeldisfyrirtæki og mögulegrar aukinnar vinnslu í vatnsbóli sveitafélagsins þurfi að staðfesta betur, en möguleiki er á að niðurdráttur grunnvatnsborðs teygji sig upp að Hlíðarenda.

Í ljósi ábendinga Vatnaskila telur Veðurstofan mikilvægt að skoða hvort frekari gagna hafi verið aflað og gerð grein fyrir niðurstöðum slíkrar úttektar fyrir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu. Mikilvægt að skoða möguleg áhrif aukinnar vatnstöku á svæðinu og að ákvarðanir byggi á vel ígrunduðum gögnum með samlegðaráhrif að sjónarmiði.

Erfitt er að átta sig á náttúrulegum breytileika út frá þeim gögnum sem kynnt eru í fyrirspurninni (mynd 7). Æskilegt væri að hafa betri gögn yfir náttúrulegan breytileika til samanburðar, t.d. ofan til á vatnasviðinu. Einnig væri æskilegt að gögnin sem sett eru fram í skýrslunni næðu yfir allt mælitímabilið. Slíkur samanburður gæfi skýrari mynd.

Mikilvægt er að þessi heildarsýn sé tryggð, hvort sem það er gert með því að setja framkvæmdina í mat á umhverfisáhrifum eða að tryggja slíkt við gerð nýtingarleyfis.

Heimildir:

Davíð Egilsson, Jón Guðmundsson, Tinna Þórarinsdóttir & Gerður Stefánsdóttir (2019). Magnstaða grunnvatns. Tillaga um aðferðarfræðilega nálgun. Skýrsla VÍ 2019-012, 61 s.
https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_012.pdf

Davíð Egilsson, Gerður Stefánsdóttir & Tinna Þórarinsdóttir (2020). Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum. Greinargerð VÍ DE/ofl/2020-02.
http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%20c3%b6gulega%20undir%20c3%a1lagi.pdf

Eric M. Myer, Hilmar Már Einarsson & Sveinn Óli Pálmarsson (2018). Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar. Líkangerð til mats á færslu vatnsbóls sveitarfélagsins og skipulagi vegna uppbyggingar fiskeldis. Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Skýrsla nr. 18.09. Verkfræðistofan Vatnaskil, Reykjavík, 72 s.

Viðingarfyllst,



Arni Snorrason
forstjóri VÍ

Skipulagsstofnun
bt. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is skipulag@skipulag.is

Dags. 20.12.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0227
0.5.1

Með erindi dags. 16. desember sl. spurðist Skipulagsstofnun fyrir um hvort Veðurstofa Íslands hyggðist leggja fram frekari umsögn vegna framkvæmdar varðandi breytingu á vatnstöku Icelandic Water Holdings úr Hlíðarendalindum í kjölfar svars ÍSOR, dags. 3. desember, við umsögn Veðurstofunnar vegna ofangreinds máls, dags. 29. nóvember.

Svar Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan hefur bent á mikilvægi heildstæðrar sýnar á álag á viðkomandi grunnvatnshlot í ljósi fjölda þeirra framkvæmda sem bæði eru fyrirhugaðar og nú þegar í ferli. Ennfremur á möguleg áhrif framkvæmdanna á ástand og gæði þess grunnvatns sem nýta á til framtíðar.

Að öðru leyti mun Veðurstofan ekki bregðast við svari ÍSOR.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Snorri Sigurðsson - NI

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir
Frá : Snorri Sigurðsson - NI
Heiti : Re: Aukin vatnsvinnsla úr Hlíðarendalindum, Sveitarfélaginu Ölfusi
Málsnúmer. : 202110012
Málsaðili : Icelandic Water Holdings hf.
Efnisflokkur : Umsögn
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 22.11.2021
Höfundur : Snorri Sigurðsson - NI

Viðhengi[image001.jpg](#)[image002.png](#)

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202110-0037 (SS, LA).

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 25. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar IWH um breytingu á vatnstöku í Hlíðarendalindum í Ölfusi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og telur ekki að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Stefnt er að aukningu á nýtingu grunnvatns úr Hlíðarendalindum úr 30 L/s í 70 L/s. Er það umtalsverð aukning en grunnvatnsrennsli á lindasvæðinu hefur verið vaktað vandlega frá því nýting IWH hófst árið 2008 m.a. með sírita á vatnsrennsli og stöðu vatnsborðs, og ekkert bendir til þess að grunnvatnshlotið þoli ekki þessa aukningu enda áætlað heildarrennsli nálægt 120 L/s. Vöktun hefur ekki sýnt fram á neinar langtímabreytingar á vatnsmagni á svæðinu og ekki er líklegt að komi til slíkra breytinga með áætlaðri aukningu. Þá er greint frá mótvægisáðgerðum sem gripið verður til ef þörf þykir til að sporna við óæskilegum breytingum á vatnsstöðu. Ekki hefur verið þörf á neinum slíkum aðgerðum hingað til. Þá hefur verið gripið til mótvægisáðgerða til að sporna við mögulegum breytingum á gróðri við Hlíðarendalæk.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS